

L Ö G

67

12. apríl

um fasteignaskatt til bæjar- og hreppsfélaga og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 10. gr. laga nr. 53 3. marz 1945, um breytingar á lögum um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna, nr. 69 31. desember 1937, hef látið færa hin fyrrnefndu lög inn í meginmál hinna síðarnefndu laga nr. 69 31. desember 1937, með öðrum áorðnum breytingum frá því þau voru sett, og gef þau hér með út að nýju svo breytt sem lög um fasteignaskatt til bæjar- og hreppsfélaga og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga:

I. KAFLI

Um fasteignaskatt.

1. gr.

Í kaupstöðum og hreppsfélögum er heimilt að leggja árlega fasteignaskatt á húseignir og önnur mannvirki, lóðir og lendur, og skal hann vera eins og hér segir:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, allt að 2%.
2. Af húseignum og öðrum mannvirkjum allt að 1%.
3. Af túnnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og lendum allt að 0,5%.

2. gr.

Skattur sá, sem í 1. gr. getur, skal lagður á eftir fasteignamati, og annast bæjarstjórnir og hreppsnefndir innheimtu hans.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

3. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir ákveða með reglugerð upphæð skattsins til 5 ára í senn, innan þeirra takmarka, er í 1. gr. segir, og má skatturinn vera mismunandi á hinum ýmsu tegundum lóða. Heimilt er og að hafa skattinn mismunandi eftir því, til hvers eignirnar eru notaðar, og af húseignum enn fremur mismunandi eftir verðmæti þeirra, miðað við fasteignamatsverð og íbúðafjölda, allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Þar skal og galddagi ákveðinn. Reglugerðir kaupstaðanna skulu staðfestar af atvinnuáráðherra og birtar í Stjórnartíðindunum, en reglugerðir hreppanna skulu staðfestar af viðkomandi sýslunefnd og færðar inn í sýslufundargerðina.

4. gr.

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. eru allar fasteignir bæjar- og sveitar-sjóða, nema leigulóðir og jarðir í leiguábúð. Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum, og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.

67 Á sama hátt eru undanþegnar skatti þessum jarðræktartilraunastöðvar þær, sem 12. apríl reknar eru með opinberum styrk og undir opinberu eftirliti.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

5. gr.

Skatt þann, er í 1. gr. getur, skal telja af heilum hundruðum króna af virðingarverði, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái virðing ekki 100 kr., greiðist enginn skattur.

Skatturinn rennur til bæjarsjóðs eða sveitar, þar sem hin skattskylda fasteign er.

6. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallin í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

7. gr.

Ef bæjarstjórn í kaupstað eða hreppsnefnd í kauptúni leggur á húseignir skatt, sem er helmingur eða meira þess hámarks, sem heimilað er í 1. gr., skal bæjarsjóður á sinn kostnað annast í kaupstaðnum sóthreinsun, sorphreinsun, salernahreinsun, en um vatnsskatt, gjald til holræsa, gangstétta og brunatrygginga fer eftir ákvæðum þeim, sem nú gilda eða síðar verða sett.

8. gr.

Skatt samkvæmt 1. gr. má fyrst leggja á árið 1938.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur að fullu 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiddir eru af útsvörum.

9. gr.

Nú er sýsluvegasjóðsgjald innheimt í hreppi, og má þá samanlagt sýsluvegasjóðsgjald og fasteignaskattur til sveitarsjóðs eigi fara yfir hámark það, er í 1. gr. segir.

II. KAFLI

Um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

10. gr.

Ríkissjóður greiðir árlega 700 þúsund krónur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Gjald dagar á tillagi ríkissjóðs eru 1. júlí og 1. október ár hvert. Fé Jöfnunarsjóðs skal geymt og ávaxtað í tryggri lánsstofnun.

11. gr.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er:

1. Að jafna framfærslukostnað samkvæmt VIII. kafla framfærslulaga, nr. 52 12. febr. 1940.
2. Að greiða fram úr fjárhagsörðugleikum bæjar- og hreppsfélaga samkvæmt III. kafla laga nr. 90 14. maí 1940, um eftirlit með sveitarfélögum.
3. Að leggja út greiðslur þær milli sveitarfélaga, sem ríkissjóður ber ábyrgð á samkvæmt framfærslulögunum, þar til þær hafa verið endurgreiddar af því sveitarfélagi, sem þær hafa verið inntar af hendi fyrir.

12. gr.

67

Árlega skal verja tekjum Jöfnunarsjóðs, að því leyti sem þörf krefur eða þær hrökkva til, til jöfnunar á framfærslukostnaði milli bæjar- og sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum VIII. kafla framfærslulaga.

Því af tekjum Jöfnunarsjóðs, sem ekki verður árlega varið til jöfnunar milli sveitarfélaga samkvæmt framansögðu, getur ráðherra ákveðið, að fengnum tilögum eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna, að varið skuli til að greiða fram úr erfiðleikum sveitarfélaga, sem í fjárþröng eru.

Ráðherra getur og ákveðið, að úr Jöfnunarsjóði megi verja fé til hvers þess, sem miðar að því að koma betra skipulagi á stjórn og framkvæmdir sveitar- og framfærslumálefna og til að styrkja samstarf sveitarfélaga, ef fé er fyrir hendi í sjóðnum.

Þá ákveður ráðherra einnig, hvort árlegum eftirstöðvum jöfnunarfjárins skuli skipt upp milli sveitarfélaga eða þær skuli geymdar til síðari ráðstöfunar. Þegar eftirstöðvum jöfnunarfjár er skipt milli sveitarfélaga, skal það gert í réttu hlutfalli við árlegan kostnað þeirra af fátækraframfærslu.

13. gr.

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn sjóðsins og sér um, að í hann sé greitt á réttum gjalddögum fé það, er sjóðnum ber.

14. gr.

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, og skal hann endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna.

15. gr.

Nánari ákvæði um starfrækslu Jöfnunarsjóðs setur félagsmálaráðherra með reglugerð, ef hann telur þess þörf.

Kostnaður við starfrækslu sjóðsins greiðist úr honum sjálfum.

III. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

16. gr.

Skatta og gjöld samkvæmt lögum þessum, þar með taldir dráttarvextir, má taka lögtaki.

17. gr.

Frá 1. janúar 1939 falla úr gildi þessi lagaákvæði:

1. Lög nr. 26 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 20. gr. 3. mgr.
2. Lög nr. 61 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 16. gr.
3. Lög nr. 16 27. júní 1921, um breyting á lögum 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.
4. Lög nr. 22 19. júní 1922, um skatt til sveitarsjóðs af lóðum og lendum í Húsa-víkurbreppi.
5. Lög nr. 36 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík, að því leyti sem þau eru ekki áður úr gildi felld.
6. Lög nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.
7. Lög nr. 31 15. júní 1926, um skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað.
8. Lög nr. 44 15. júní 1926, um breytingar á lögum nr. 36 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík.

- 67 9. Lög nr. 11 6. júlí 1931, um skatt af húseignum í Neskaupstað.
 12. apríl 10. Lög nr. 124 31. des. 1935, um bæjargjöld á Ísafirði.
 Svo og öll önnur lagafyrirmæli, er fara í bága við þessi lög.

Gjört í Reykjavík, 12. apríl 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

68

12. apríl

L Ö G

um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 13. gr. laga nr. 56 3. marz 1945, um breyting á lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, hef látið fella meginmál þessara breytingarlaga og 1.—4. gr. laga nr. 97 11. júní 1938, inn í téð lög nr. 104 23. júní 1936, og gef þau hér með út svo breytt sem lög um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum:

I. KAFLI

Inngangur og orðaskýringar.

1. gr.

Hverjum íslenskum ríkisborgara, sem fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum, er heimilt að leita sér atvinnu við siglingar á íslenskum skipum. Sama gildir um þá erlenda ríkisborgara, sem jafnrétti hafa við íslenska ríkisborgara að lögum.

2. gr.

- a. *Skip* merkir í lögum þessum hvert það far, sem er 6 rúmlestir eða stærra og skráð er á skipaskrár, án tillits til þess, hvort það gengur fyrir seglum eða vél eða hvorutveggja.
- b. Rúmlest er brúttó-rúmlest = 100 teningsfet ensk = 2,83 teningsmetrar.
- c. Mánuður er 30 náttu mánuður, eins og ákveðið er með sjómannaölögum, nr. 41 19. maí 1930, um kaupgreiðslur á sjó.
- d. *Fiskiskip* merkir hvert það skip, sem skrásett er sem fiskiskip, án tillits til stærðar, og notað er mestan hluta ársins til veiða, þótt það sé jafnframt notað til flutninga til útlanda á eigin afla eða keyptum afla.
- e. *Verzlunarskip* merkir hvert það skip, sem skrásett er sem verzlunarskip, án tillits til stærðar, og siglir með varning frá landinu og til þess og milli hafna innanlands eða flytur farþega eða hvorttveggja.
- f. *Innanlandssigling* er sigling og fiskveiðar við strendur Íslands og á hafinu kringum landið allt að 60 sjómílur frá sjálfu landinu.
- g. *Utanlandssigling* er hver sú ferð, sem farin er til annarra landa eða til fiskimiða annarra landa, þótt hafna sé ekki leitað.
- h. *Fullgildur háseti* á verzlunarskipi eða varðskipi er sá einn, er sannar með sjóferðabók, að hann hafi siglt sem skipsdrengur, óvaningur eða viðvaningur á verzl-